

Bráðabirgðalög

Nr. 19
5. okt.

um

breyting á lögum um fasteignamat.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að það hefir verið borið upp fyrir Oss, að tími sá, sem í lögum um fasteignamat 3. nóv. 1915, er ætlaður til að meta fasteignir landsins, hafi reynst of stuttur, svo að eigi hafi verið unt að leggja fram matsgerðirnar almenningi til sýnis hinn 1. ágúst þ. á., eins og fyrir er mælt í nefndum lögum, þá teljum Vjer nauðsyn á að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, til þess að tryggja það, að hin ráðgerða nýja jarðabók geti komið út á tilsettum tíma, og til þess að koma í veg fyrir að þeir, sem óánægðir kynnu að vera með fasteignamatið, verði útilokaðir frá að koma fram kærum yfir því.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Fasteignamatsnefndir þær, sem eigi hafa lagt fram mat sitt hinn 1. ágúst 1918, samkvæmt 13. gr. laga um fasteignamat 3. nóv. 1915, skulu leggja það fram hinn 1. janúar, 1. febrúar, 1. mars eða 1. apríl 1919 og skulu kærur yfir matinu komnar til formanns yfirmatsnefndar innan 30 daga frá því matið var lagt fram

2. gr.

Yfirmatsnefnd skal innan 3 mánaða frá því matsgerðirnar voru lagðar fram, hafa sent stjórnarráðinu öll hin lögboðnu skjöl um matið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgerfrihöll 5. október 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.